**Þróunarsjóður innflytjendamála**
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis**: Umfang og eðli launaþjófnaða hjá erlendu vinnuafli, umfang, samfélagslegur kostnaður og afleiðingar

**Nafn styrkþega**: Alþýðusamband Íslands, félagasmáladeild og hagfræðideild

**Útdráttur**: Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Efnahagslegur uppgangur hefur leitt til verulegrar fjölgunar starfa og þá sérstaklega í vinnuaflsfrekum atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Svigrúm fyrir innlent vinnuafl til að bregðast við aukinni vinnuaflsþörf hraðvaxta og vinnuaflsfrekra geira er takmarkað og ljóst að án aðkomu erlends launafólks hefði íslensku atvinnulífi reynst ómögulegt að manna aukin umsvif á undanförnum árum. Erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið síðustu ár, eru þeir nú um fimmtungur allra starfandi og hefur fjöldi þeirra ríflega tvöfaldast á einungis áratug. Efnahagslegur uppgangur á sér þó dekkri birtingarmyndir. Á undanförnum árum hefur málum sem rata til stéttarfélaga sem tengjast brotastarfsemi á vinnumarkaði og launaþjófnaði fjölgað. Brot virðast fremur beinast að þeim hópum sem síður þekkja réttindi sín eða eru í veikri stöðu til að sækja rétt sinn, t.d. ungu fólki, aðfluttu verkafólki og tekjulágum. Sterkar vísbendingar síðustu misseri eru um að slík brotastarfsemi beinist sérstaklega að jaðarhópum á vinnumarkaði, erlendu launafólki og ungu fólki og þá helst innan ferðaþjónustu og í mannvirkjagerð. Niðurstöður rannsóknar benda til verulegrar tvískiptingar íslensks vinnumarkaðar. Annars vegar er meirihluti íslensks launafólks sem býr við að brot á kjarasamningum eru fátíð eða nær óþekkt. Hins vegar er það veruleikinn sem mætir erlendu launafólki, ungu fólki og hinum tekjulægstu þar sem launaþjófnaður hleypur á hundruðum milljóna króna ár hvert. Af djúpviðtölum má draga þá ályktun að margir atvinnurekendur líta á starfsmenn sem aukakostnað. Þegar illa gengur eru starfsmenn, laun þeirra, önnur starfskjör og launatengd gjöld fyrst til þess að verða fyrir niðurskurðarhnífnum. Markmiðið rannsóknar var að varpa ljósi á umfang launaþjófnaðar hér á landi með sérstakri áherslu á erlent launafólk á íslenskum vinnumarkaði. Þannig væri hægt verði að bregðast við með viðeigandi aðgerðum og lagabreytingum.

**Project Title:** WHAT GREETS FOREIGN WORKERS IN ICELAND? Wage theft and abuse

**Name of Grantee:** The Icelandic Confederation of Labour (ASI)

**Abstract:** The Icelandic labour market has changed a lot in recent years. Years of growth have led to more jobs, especially in labour-intensive sectors such as tourism and construction. The capacity of the domestic workforce to meet the increased demand for labour in growing labour-intensive sectors is limited. Without foreign labour, Icelandic business would not have been able to staff expanded operations in recent years. Foreign citizens in the Icelandic labour market have become more numerous through the recent years, and are now a fifth of all workers, doubling in number in just a decade.

These boom years have had their darker side. Cases of labour rights breaches and wage theft brought to the unions in recent years have multiplied. Breaches seem to be focused on groups who are less aware of their rights, or in a worse position to defend them, such as young people, immigrant labour, and low-income groups. The report concludes that the Icelandic labour market is firmly separated into two layers. On the one hand, there's the mainstream reality of nearly no collective agreement violations. On the other hand, there's the reality that greets foreign, young and low-wage workers, where wage theft runs into the hundreds of millions of ISK every year. The aim of the research was to shed light on the breaches these workers suffer. In this way, it would be possible to respond with appropriate measures and legislative changes.